

*Starfsendurhæfing*  
*Hafnarfjarðar*

Ársskýrsla  
2021

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Stjórn og starfsfólk .....	2
Húsnæðismál .....	2
Markhópur, hlutverk og markmið .....	2
Hugmyndafræði.....	3
Endurhæfingin .....	3
Fjármögnun .....	3
Heildstæð þjónusta .....	4
Heimsfaraldur .....	5
Námskeið, ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta .....	5
Starfsprófun / starfsþjálfun .....	6
Samstarf.....	6
Starfsemi ársins 2021 .....	7
Þátttaka/ tilvísanir .....	7
Kynjahlutfall.....	8
Aldur .....	8
Staða nýrra þátttakenda í árslok .....	9
Árangur þátttakenda sem luku þjónustu á árinu 2021 .....	9
Samantekt / lokaorð .....	10

## Myndir

Mynd 1. Tilvísendur 2021 .....	7
Mynd 2, Skipting þátttakenda eftir kyni.....	8
Mynd 3. Aldur nýrra þátttakenda.....	8
Mynd 4. Þátttakendur sem hófu þátttöku 2021, staða í árslok .....	9
Mynd 5. Staða þátttakenda sem luku þátttöku 2021.....	9

## **Inngangur**

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni (non-profit). Hlutverk hennar er að sinna starfsendurhæfingu. Stofnaðilar voru Hafnarfjarðarbær, Sjúkraþjálfarinn ehf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Verkalýðsfélagið Hlíf og eiga þeir allir aðild að stjórn.

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar 2021 er samantekt á starfsemi félagsins og rekstrarreikningur fyrir almanaksárið 2021.

## **Stjórn og starfsfólk**

Formaður stjórnar er Karl Rúnar Þórssón. Á árinu 2021 voru haldnir tíu stjórnarfundir.

Aðalfundur var haldinn 27. apríl 2021. Þar voru tveir aðalmenn endurkjörnir til tveggja ára og þrír varamenn kjörnir fyrir sama tímabil. Aðalmennirnir, Karl Rúnar Þórssón og Valdimar Víðisson voru endurkjörnir til stjórnarsetu til ársins 2023. Aðrir aðalmenn í stjórn eru Árni Rúnar Þorvaldsson, Kolbeinn Gunnarsson og Gunnar Viktorsson sem sitja til 2022.

Varamennirnir Haraldur Sæmundsson og Kristín Thoroddsen gáfu einnig kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en í stað Lindu Baldursdóttur var kjörinn Eypór Árnason. Þau sitja til 2023. Aðrir varamenn eru Hulda Sólveig Jóhannsdóttir og Ingi Björn Jónsson og sitja þau til 2022.

Skoðunarmenn reikninga eru Ingvar Reynisson og Guðmundur Rúnar Árnason sem kjörin var á aðalfundi 2021 í stað Ólafs Péturssonar sem hættir eftir að hafa verið skoðunarmaður frá upphafi starfsemi stöðvarinnar.

Á árinu voru 7 einstaklingar á launaskrá hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, þar af tveir í fullu starfi. Stöðugildi á árinu 2021 voru 5,1 í ársbyrjun, en 5,3 eftir 1. mars þar sem einn starfmaður jók starfshlutfall sitt vegna langtíma veikinda annars.

Auk þess að sinna ráðgjöf við þátttakendur og vera tengiliðir þeirra við fagaðila í öðrum þjónustukerfum kennir fagfólk á námskeiðum og veitir sérfræðiráðgjöf hvert á sínu sviði. Meiri hluti fræðslu / kennslu þátttakenda er í höndum starfsmanna.

## **Húsnæðismál**

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar fer fram að Flatahrauni 3. Eigandi hússins og leigusali er Verkalýðsfélagið Hlíf. Í húsinu er einnig Hraunsel, félagsmiðstöð aldraðra og öryrkja og fyrirtækið Saga story house, sem sinnir námskeiðahaldi og ráðgjöf.

## **Markhópur, hlutverk og markmið**

Þátttaka í starfsendurhæfingu hentar þeim sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, hafa misst vinnu eða þurft að hætta störfum t.d. vegna sjúkdóma, slysa eða erfiðra félagslegra aðstæðna og vilja komast til virkni á vinnumarkaði á ný. Þetta fólk er markhópur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar samkvæmt skipulagsskrá.

Hlutverk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er að sinna starfsendurhæfingu fólks í markhópnum og aðstoða það til þess að verða virkt á vinnumarkaði á ný. Samkvæmt skipulagsskrá eru markmið starfsins:

- *Að þátttakendur komist í vinnu eða nám til þess að styrkja stöðu sína gagnvart vinnumarkaði. Unnið er að því með þátttakendum að greina stöðu þeirra, hjálpa þeim að setja sér framtíðarmarkmið, finna leiðir og vinna að þeim.*
- *Að lífsgæði þátttakenda og fjölskyldna þeirra aukist. Skert vinnufærni getur leitt til vítahringis félagslegrar einangrunar, fjárhagsvanda og varanlegs heilsuleysis og jafnvel kollvarpað daglegu lífi einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Þátttaka í atvinnutengdri endurhæfingu getur rofið vítahringinn og aukið lífsgæði.*
- *Að endurhæfingin fari fram í heimabyggð. Reynslan sýnir að það er þátttakendum afar mikilvægt að hafa aðgang að þjónustu í sinni heimabyggð. Minni tími fer í ferðalög, þeir losna við streituna sem fylgir umferðarpunga á álagstímum og síðast en ekki síst eru boðleiðir milli ýmissa þjónustustofnana tiltölulega greiðar og viðbragðstími stuttur.*

## Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar byggir á svonefndu "Húsavíkurmódeli". Meginstef hugmyndafræðinnar er að frá upphafi komi þátttakendur að sinni endurhæfingu með virkum hætti og að í endurhæfingunni sé unnið með þá þætti sem þeir telja hindra þátttöku sína á vinnumarkaði. Hver þátttakandi gerir áætlun með aðstoð ráðgjafa Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Samvinna og samráð er haft við tilvísandi aðila við mótun endurhæfingaráætla einstaklinga og í áætlun kemur fram hverjir áhersluþættir endurhæfingarinnar eru og í hverju hún felst. Lögð er áhersla á að hjálpa þátttakendum á að átta sig á og ná að nýta eigin styrkleika, auka virkni sína og frumkvæði til þess að taka ábyrgð á eigin velferð.

## Endurhæfingin

Endurhæfingin er heildstæð, beitt er teymisvinnu bæði innanhúss og í samvinnu við fagfólk mismunandi þjónustukerfa og ýmsa aðra sem lagt geta hönd á plóg. Allir þátttakendur fá einstaklingsráðgjöf og stuðning. Hver þátttakandi hefur ákveðinn ráðgjafa í hópi starfsmanna og áhersla er lögð á virkni þátttakenda og ábyrgð þeirra sjálfra á eigin málefnum. Ráðgjafinn er tengiliður milli þátttakenda og þeirra fagmanna t.d. í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem hafa með málefni þeirra að gera og annarra sem veitt geta aðstoð og stuðning í endurhæfingunni.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga, sjúkrapjálfa, menntastofnanir, kennara og námskeiðshaldara.

## Fjármögnun

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar á árinu 2021 var fjármögnuð af sölu þjónustu. Kaupendur þjónustu voru Hafnarfjarðarbær, Virk starfsendurhæfingarsjóður og Vinnumálastofnun.

Þátttakendur í fullri þjónustu frá Virk endurhæfingarsjóði voru að meðaltali 42 í hverjum heilum mánuði sem þjónusta var veitt á árinu 2021 og var það 10 manns fleiri að meðaltali en árið 2020. Miklar sveiflur voru þó á fjölda þátttakenda, frá janúar til ágúst var meðaltalið 47 (mest 52, minnst 42), en september til desember 34 að meðaltali (mest 38, minnst 30).

Áframhald var á samstarfi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar og Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um starfsendurhæfingu fólks sem er á framfærslu hjá Hafnarfjarðarbæ og

sérfræðingar bæjarins telja að þurfi á starfsendurhæfingu að halda. Var það samstarf með svipuðu sniði og áður. Einnig varð fækkun á þátttakendum í þeim hópi. Þeir voru að meðaltali 5,5 á árinu, en 8 árið áður.

Ekki virðist ein ákveðin skýring vera á sveiflum í fjölda þátttakenda og fækkun seinni hluta ársins, en líklegt má telja að skýringar sé helst að leita í því að nokkur fækkun var á umsóknum til Virk starfsendurhæfingarsjóðs árið 2021 miðað við fyrra ár og að í ársbyrjun 2021 tók til starfa nýtt Geðheilsuteymi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem þjónar syðri hluta svæðisins. Seinni hluta ársins voru þátttakendur það fáir að ef svo heldur áfram mun þurfa að bregðast við með uppsögnum og einföldun starfsins til þess að geta haldið áfram þjónustu. Miklar sveiflur í aðsókn skapa óvissu í rekstri og gera skipulagningu þjónustu flóknari en ef fjöldi þátttakenda er stöðugri.

Ný þjónusta, Vinnusmiðja var sett á fót á árinu 2021. Var það gert í kjölfar óska frá Virk um að mæta þörfum þátttakenda hjá þeim sem hefðu verið í stökum úrræðum, en þyrftu hnitmiðað úrræði til þess að varpa skýrara ljósi á stöðu þeirra með tilliti til atvinnu og mjög markvissan undirbúning fyrir atvinnuþátttöku. Vinnusmiðjan telst til stakra úrræða, þ.e. að þátttakendur eru eingöngu á því námskeiði, en ekki í annarri þjónustu á stöðinni. Haldin voru þrjú Vinnusmiðju námskeið á árinu sem gengu mjög vel og skiluðu góðum árangri fyrir þátttakendur. Þátttakendur á fyrsta námskeiðinu voru alfarið frá Virk, en þrátt fyrir mjög góðan árangur var einungis einum þátttakanda til viðbótar vísað þaðan á Vinnusmiðjunámskeið eftir það. Þátttakendur á önnur Vinnusmiðju námskeið komu frá Vinnumálastofnun og Hafnarfjarðarbæ. Verður að segjast að það olli furðu og vonbrigðum að ekki kæmu fleiri þátttakendur frá Virk þar sem námskeiðið var sett af stað að þeirra ósk og frumkvæði og var árangursríkt eins og áður segir.

## Heildstæð þjónusta

Þjónusta á starfsendurhæfingarstöð er fyrst og fremst heildstæð þjónusta, en það þýðir að bæði framkvæmd og utanumhald um endurhæfingu þátttakenda er á stöðinni, þar eru gerðar áætlanir með einstaklingum miðað við þeirra þarfir á hverjum tíma, málum fylgt eftir og áætlanir aðlagaðir ef þörf krefur í samvinnu við þá. Þjónustan er þverfagleg þar sem að þjónustu einstaklinga kemur fagfólk með mismundandi sérþekkingu sem vinnur saman í teymi á stöðinni. Líta má á þjónustu á starfsendurhæfingarstöð sem eina alls herjar sjálfseflingu sem hefur það markmið að auka færni fólks og trú þess á eigin getu með því að hjálpa því að koma auga á og nýta eigin styrkleika og efla það til þess að draga úr eða vinna bug á hindrunum.

Á starfsendurhæfingarstöð hefur fólk tækifæri til þess að vera samferða öðrum á sömu leið, hjálpast að og þjálfast sig í samskiptum við ólíka einstaklinga og njóta leiðsagnar fagfólks í því mikilvæga ferli. Mikið er lagt upp úr því hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar að skapa umgjörð og umhverfi sem einkennist af skilningi og samvinnu þar sem fólki geti liðið vel, gagnkvæm virðing, umburðarlyndi og traust ríki og allir eigi rétt á að á þá sé hlustað. Samskiptaþáttur starfsins er afar mikilvægur til þess að þjálfast félagslega færni, æfa samvinnu, endurmeta viðhorf og búa sig undir þátttöku í námi og starfi í nútíma þjóðfélagi. Það staðfesta niðurstöður flestra rannsókna sem gerðar hafa verið á upplifun þátttakenda á því sem gagnast þeim í starfsendurhæfingu. Hann er hins vegar oft vanmetinn liður í endurhæfingunni og fær minna vægi en hann á skilið þegar úrræði og þjónusta er skipulögð og um þau fjallað opinberlega.

Þjónusta stöðvarinnar er einstaklingsmiðuð, en fer að hluta til fram í hóp. Í stað þess að sækja þjónustu vítt og breytt á höfuðborgarsvæðinu mæta þátttakendur daglega í starfsstöðina að Flatahrauni 3 og taka þátt í fjölbreyttum námskeiðum, hópastarfi og fræðslu sem miðast við

þarfir þeirra. Þeir fylgja stundaskrá sem myndar ramma um starfið og gagnast vel til þess að byggja upp og halda góðum daglegum takti. Til viðbótar við námskeiðin eru þátttakendur í fjölbreyttri, einstaklingsmiðaðri þjónustu hjá mismundandi sérfræðingum eftir þörfum hvers og eins.

Fólk er misjafnlega lengi í endurhæfingu og getur hætt og hafið störf á vinnumarkaði hvenær sem það eru tilbúið til og tækifæri bjóðast. Þátttakendur hafa ólíkar þarfir og til þess að koma sem best á móts við þær fara þeir mismundandi leiðir í endurhæfingunni sem taka mið af þörfum þeirra hverju sinni og eru stöðugt í þróun.

## Heimsfaraldur

Starfsemi ársins 2021, líkt og 2020 mótaðist af áframhaldandi heimsfaraldri vegna covid-19 veirunnar og sóttvarnaraðgerðum til þess að hefta útbreiðslu hennar. Starfsemi var aðlöguð að gildandi takmörkunum hverju sinni, ýmist með hjálp tölvutækni á fjarfundum eða með endurskipulagningu þannig að færri fólk væri í húsi hverju sinni.

Sá þáttur sem erfiðastur reyndist var félagslegi hluti endurhæfingarinnar, samverustundum fækkaði mikið og færri tækifæri voru til þess að fara í heimsóknir í fyrirtæki eða menningarstofnanir en ella. Talsvert brottfall og lengri endurhæfingartími er til merkis um að þessar breytingar hafi truflað og hægt á endurhæfingu margra þátttakenda sem áttu erfiðara með að ná og halda góðum takti á daglegu lífi og vinna að markmiðum sínum við þessar aðstæður.

Segja má að ný vídd hvað varðar samskipti hafi sprottið upp sem skilað hefur sér í meiri færni í rafrænum samskiptum og auknum möguleikum í fræðslustarfi án landfræðilegra takmarkana.

## Námskeið, ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta

Á árinu voru haldin ýmis námskeið fyrir þátttakendur, ýmist í starfsstöð eða á netinu. Sum námskeiðin flokkast undir n.k. kjarnanámskeið sem er hluti endurhæfingar flestra þátttakenda. Dæmi um slík námskeið er fjármálanámskeið, heilsufræðsla, hópefli, markmiðasetningarnámskeið og námskeið tengd vinnumarkaðnum. Önnur námskeið eru sértækari og miðast við þarfir og vanda þeirra þátttakenda sem eru í þjónustu hverju sinni. Dæmi um slík námskeið eru t.d., meðvirknihópar, námskeið vegna ADHD, svefnnámskeið, HAM sjálfseflingarnámskeið, kvíðanámskeið, námskeið í slökun, núvitund og um næringu og heilsu.

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf felst meðal annars í:

- Félagsráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf
- Fjölskylduráðgjöf
- Iðjubjálfun
- Markþjálfun, almenn / sérhæfð
- Náms- og starfsráðgjöf
- Næringarráðgjöf
- Ráðgjöf um líkamsrækt
- Ráðgjöf og meðferð sjúkrþjálfara
- Sálfræðiviðtölum
- Stuðningsviðtölum hjá tengilið Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar
- Svefnráðgjöf

## Starfsprófun / starfsþjálfun

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur langa reynslu af samstarfi við fyrirtæki um starfsprófanir þátttakenda á vinnumarkaði og hefur það verið lokahluti endurhæfingar flestra þátttakenda. Þeir hafa þá verið misjafnlega lengi í endurhæfingu, en starfsprófunin hefst þegar þeir eru tilbúnir til þess að stíga skrefið til þess að láta reyna sig í vinnu, oftast með stigvaxandi ákefð.

Í starfsprófun fara þátttakendur á vinnustað eða inn á starfssvið sem þeir hafa valið sjálfir með eða án aðstoðar starfsfólksins, mæta þar til starfa reglulega og láta reyna á vinnugetu sína og vinnubrek. Samhliða starfsprófun er margvíslegur stuðningur í boði bæði fyrir þátttakendur, vinnustaði og tengiliði þar og skipulagt utanumhald með reglulegri eftirfylgd. Þetta hefur gefið góða raun og gengið vel í prýðilegu samstarfi við atvinnurekendur.

Starfsprófun gefur oftast góðar upplýsingar um það hvort og hve mikla vinnugetu fólk hefur og gerir það að verkum að þátttakendur fara öruggari í atvinnuleit þegar þeir hafa haft tækifæri til þess að reyna sig við raunaðstæður og vaxa með stígandi framvindu og góðum stuðningi.

Árið 2021 höfðu sóttvarnaraðgerðir vegna covid 19 áfram talsverð áhrif á samstarf við fyrirtæki, Lokanir fyrirtækja og fjöldatakmörkanir á fyrri hluta ársins gerðu það að verkum að erfiðara varð um vik fyrir fyrirtæki að taka við fólki í starfsprófanir, en úr rættist smám saman eftir því sem dregið var úr fjöldatakmarkunum.

## Samstarf

Með því að koma á eða auka samvinnu milli ólíkra kerfa er reynt að hámarka árangur þjónustunnar sem þau geta veitt. Þátttakendur í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar koma víðs vegar að. Gott samstarf við mjög margar þjónustustofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu s.s. heilsugæslustöðvar og félagsþjónustur sveitarfélaga er því nauðsynlegt.

Tengiliðir Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar og Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar funda reglulega.

Samstarf við Virk starfsendurhæfingarsjóðs, ráðgjafa sjóðsins hjá stéttarfélögum og sérfræðinga í rýni er afar mikilvægt og hefur gengið vel. Sameiginleg rýni mála þátttakenda með tilvísandi ráðgjöfum og sérfræðingum Virk er fastur liður í samstarfi við sjóðinn. Þar er farið yfir framgang endurhæfingar og næstu skref ákveðin.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er aðili að Byr, samtökum starfsendurhæfingarstöðva sem starfa á samfélagslegum grunni (non-profit). Gott samstarf er við þær starfsendurhæfingarstöðvar og forsvarsmenn þeirra funda reglulega, m.a. á tveggja daga fundi í Reykjanesbæ vorið 2021.

Gott samstarf er við Mími símenntun og nokkuð um að þátttakendur stundi nám þar sem hluta sinnar endurhæfingar. Þá hefur einnig góð samvinna við námsráðgjafa Mímis.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur um nokkurra ára skeið boðið upp á Tónsmiðju í samvinnu við Sigrúnu Sævarsdóttur Griffith og fyrirtæki hennar Metamorphonics. Það samstarf hefur verið mjög áhugavert og eflandi fyrir þátttakendur.

Á árinu 2021 fór fram í fyrsta sinn samvinnuverkefnið Korda samhljómsveit að frumkvæði og undir stjórn Sigrúnar S. Griffith. Fyrirmynd þess eru verkefni af svipuðum toga sem Sigrún og


hennar samstarfsfólk hefur unnið að erlendis, meðal annars í London og New York, og vakið mikla athygli. Einkenni verkefnanna er samvinna fagfólks í tónlist og leikmanna sem eru á einhvern hátt í félagslega erfiðri stöðu, t.d. atvinnulausir, í endurhæfingu eða heimilisláusir. Þátttakendur í Korda voru þátttakendur í starfsendurhæfingu, félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nemendur frá Listaháskóla Íslands. Þrír þátttakendur voru í Kordu frá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Verkefnið var fjármagnað með styrkjum og fékk Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar meðal annars styrk frá Samfélagssjóði Íslandsbanka vegna þess upp á eina milljón króna í árslok 2020 og var það að fullu nýtt í verkefnið árið 2021.

Um er að ræða mjög merkilegt verkefni þar sem saman komu bæði leikmenn og atvinnumenn sem sköpuðu nokkur tónverk frá grunni sem þau fluttu á lokatónleikum í Hörpu tónlistarhúsi í maí 2021 fyrir fullu húsi áheyrenda.

Korda samhljómsveit var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna í flokki Tónlistarviðburða ársins 2021.

## Starfsemi ársins 2021

### Þátttaka/ tilvísanir




Mynd 1. Tilvísanir 2021

54 einstaklingum var vísað í þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar á árinu 2020, en 9 þeirra hófu ekki þátttöku. Frá Virk starfsendurhæfingarsjóði komu 48, hinir komu frá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Auk þess héldu 42 þátttakendur áfram í þjónustu frá fyrra ári þannig að 96 manns voru í þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar einhvern hluta ársins 2020.




## Kynjahlutfall



Mynd 2, Skipting þátttakenda eftir kyni

Líkt og árið 2020 voru karlar í meirihluta þeirra sem vísað var í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, konur voru 45% og karlar 55%.


## Aldur



Mynd 3. Aldur nýrra þátttakenda

Meðalaldur nýrra þátttakenda á árinu var 34 ár. Hlutfall yngstu og aldurshópanna, (18-25 ára, 31-35 ára og yfir 50 ára) var mjög áþekkt og árið áður. Nokkur breyting varð í tveimur aldursflokkum, 26-30 ára fór úr 29% í 7% og 36-40 ára fór úr 11% í 28%. Úrræði sem sérstaklega er ætlað yngsta aldurshópnum (18-25 ára), var ekki nýtt á árinu 2021 og er það annað árið í röð sem svo er.


## Staða nýrra þátttakenda í árslok



Mynd 4. Þátttakendur sem hófu þátttöku 2021, staða í árslok

Þátttakendur geta lokið endurhæfingu hvenær sem er t.d. ef þeir fá vinnu og treysta sér til þess að fara á vinnumarkað eða í nám. Í sumum tilfellum hafa þeir þá fengið eftirfylgd og stuðning fyrstu skrefin á vinnumarkaði eða námi. Í árslok 2021 voru 20 manns af 54 sem vísað hafði verið í þjónustu á árinu 2021, enn í þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar, 19 höfðu lokið þjónustu, 10 þeirra sem vísað var hófu ekki þátttöku og 5 hættu. Ástæða þess að fólk hætti voru ýmist þær að það stóðst ekki mætingaviðmið eða þjónusta hentaði ekki nægilega vel.

## Árangur þátttakenda sem luku þjónustu á árinu 2021



Mynd 5. Staða þátttakenda sem luku þátttöku 2021

36 manns luku endurhæfingu 2020 og 2 fluttu milli landshluta. Af þeim sem luku endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar fóru 11% í aðra endurhæfingu (Reykjalundur, Geðheilsuteymi, Grettistak), 47% beint í nám, starf eða atvinnuleit, 22% fóru í starfsgetumat hjá Virk og 17% fóru

aftur til tilvísandi ráðgjafa Virk. Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur takmarkaðar upplýsingar um hvað við tók hjá síðast nefnda hópnum. Þar er um að ræða þrjá hópa: 1) þátttakendur sem ekki stóðust þær kröfur sem gerðar eru um ástundun og virkni t.d. vegna veikinda (þar á meðal fíknisjúkdóms), 2) þjónusta Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar hentar viðkomandi ekki og 3) þátttakendur sem fara í starfsgetumat hjá Virk vegna þess að vinnugeta reynist takmörkuð eða ekki liggur fyrir hversu mikil hún er.

### **Samantekt / lokaorð**

Heimsfaraldur og viðbrögð við honum setti áfram svip á starfsemi ársins 2021 eins og fyrra ár. Það hafði talsverð áhrif á framkvæmd þjónustu, framboð og innihald þjónustunnar. Ástandinu fylgdi talsverð óvissa sem reyndist hluta þátttakenda talsverð þolraun og gerði það að verkum að þeir áttu erfiðara með að ná og viðhalda góðum takti í ástundun endurhæfingar.

Fækkun tilvísana á síðari hluta ársins er verulegt áhyggjuefni. Aðal tilvísandi er Virk starfsendurhæfingarsjóður og vitað er að einhver fækkun varð á tilvísunum þangað á árinu. Starfsendurhæfingarstöðvar sinna einkum fólki sem glímir við fjölþættan vanda og er talið vera í þörf fyrir mikið utanumhald, stuðning og oft flókna þjónustu. Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur ekki upplýsingar um hvort fækkun tilvísana til Virk var í ákveðnum hópi umfram annan. Framhald þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar í þeirri mynd sem hún hefur verið er undir því komin að tilvísunum til stöðvarinnar fjölgi á ný.

Viðsnúningur atvinnulífsins í kjölfar meiri opnunar samfélagsins síðari hluta ársins og góð viðbrögð vegna starfsprófana mega teljast til jákvæðari breytinga á árinu 2021.